

## Hógværð sögunnar<sup>1</sup>

20. september árið 1792 horfði Johan Wolfgang von Goethe (sem fylgt hafði hertoganum af Weimar í hernaðarleiðangur til Parísar) á nafntogaðasta her í Evrópu hrökklast af óskiljanlegum ástæðum undan nokkrum frönskum hermönnum við Valmy og sagði við hvumsa féлага sína: *Á þessum stað og á þessum degi er að hefjast nýtt tímabil í mannkynssögunni og við getum sagst hafa orðið vitni að upphafi þess*. Síðan þá hafa sögulegir dagar runnið upp fjölmargir og eitt af verkefnum ríkisstjórna (einkum á Ítalíu, í Þýskalandi og Rússlandi) hefur verið að framleiða þá eða sviðsetja með gnótt af fyrirfram gerðum áróðri og linnulausum auglýsingum. Slíkir dagar, sem benda til áhrifa frá Cecil B. de Mille, eru meira í ætt við blaðamennsku en sagnfræði. Mig grunar að sagan, hin raunverulega saga, sé hógværari og að höfuðdagsetningar hennar geti jafnframt verið leyndarmál um langan tíma. Kínverskur rithöfundur hefur bent á að einmitt vegna þess hversu afbrigðilegur einhyrningurinn er hljóti mönnum að sjást yfir hann. Tacitus kom ekki auga á Krossfestinguna þótt hún sé skráð í bók hans.

Þessar hugleiðingar leituðu á mig eftir að ég af tilviljun hafði rekist á setningu þar sem ég var að blaða í grískri bókmenntasögu. Setningin vakti athygli mína vegna þess að hún var dálítið dularfull. Hún hljóðaði svona: *He brought in a second actor* (hann bætti við öðrum leikaranum). Ég stöðvaðist í lestrinum, ég komst að því að sá sem framkvæmdi þennan dularfulla verknað var Aiskhýlos og að hann, samkvæmt því sem segir í fjórða kafla rits Aristótelesar *Um skáldskaparlistina*, „jók tölu leikaranna úr einum í tvo“. Kunnugt er

---

1 Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi og ritar um höfund. Þýðingin birtist áður í *Teningi* árið 1989 en er hér birt með smávægilegum breytingum.

að leikritun er sprottin úr dýrkun Díónýsúsar. Upphaflega var um að ræða einn leikara, *hypokrités*, klæddan í svart eða purpura, á uppháum, þykksóluðum skóm og með mikla grímu fyrir andlitinu, og deildi hann sviðinu með tólf félögum kórsins. Leiklistin var ein af trúarathöfnunum sem dýrkuninni fylgdu og eins og allir helgisiðir hefur hún einhvern tíma átt á hættu að staðna.

En dag nokkurn, fimm hundruð árum fyrir Krists burð, sáu Aþenubúar sér til furðu og ef til vill hneykslnar (Victor Hugo hefur giskað á hið síðarnefnda) að annar leikarinn bættist við fyrirvaralaust. Þennan löngu liðna vordag, í þessu hunangslita leikhúsi, hvað hugsuðu þeir, til hvaða kenndar fundu þeir nákvæmlega? Ef til vill fundu þeir hvorki til furðu né hneykslnar, ef til vill fundu þeir einungis fyrir votti af undrun. Í *Tusculanae* er greint frá því að Aiskhýlos gengi í bræðralag Pýþagórasar, en aldrei fáum við að vita hvort hann gerði sér ljóst, þó ekki væri nema að hluta, mikilvægi þessarar breytingar frá einum í tvo, frá einingu í margfeldi og þannig í hið óendanlega. Með öðrum leikaranum komu samræðurnar og ótakmarkaðir möguleikar á gagnkvæmum áhrifum persónanna. Áhorfandi með spádómsgáfu hefði séð fjöldann allan af framtíðarleikpersónum fylgja í kjölfarið: Hamlet og Fást og Segismundo og Makbeð og Pétur Gaut og fleiri sem við komum ekki auga á ennþá.

Ég hef uppgötvað við bóklestur annan sögulegan dag. Sá átti sér stað á Íslandi á 13. öld, við skulum segja árið 1225. Komandi kynslóðum til fróðleiks skrifaði hinn fjölhæfi rithöfundur og sagnfræðingur, Snorri Sturluson, á óðali sínu í Borgarfirði um síðustu herför hins víðfræga konungs Haralds Sigurðarsonar, sem nefndur var harðráði, og hafði áður barist í Miklagarði, Ítalíu og Afríku. Tósti, bróðir konungsins í Englandi, Haralds Guðinasonar, ásældist völdin og hafði aflað sér stuðnings Haralds Sigurðarsonar. Þeir komu að landi við austurströndina og tóku Jórvíkurkastala. Fyrir sunnan Jórvík mættu þeir engilsaxneska hernum.

Í framhaldi af þessu segir Snorri: „Riddarar tuttugu riðu fram af þingmannaliði fyrir fylking Norðmanna ok váru albrynjaðir og svá hestar þeira. Þá mælti einn riddari: „Hvárt er Tósti jarl í liðinu?“ Hann svarar: „Ekki er því at leynd, hér munuð þér hann finna.“ Þá

mælti einn riddari: „Haraldr, bróðir þinn, sendi þér kveðju ok þau orð með, at þú skyldir hafa grið ok Norðimbraland allt, ok heldr en eigi vilir þú til hans hneigjask, þá vill hann gefa þér þriðjung ríkis alls með sér.“ Þá svarar jarl: ... „Nú tek ek þenna kost, hvat vill hann þá bjóða Haraldi konungi Sigurðarsyni fyrir sitt starf?“ Þá mælti riddarinn: „Sagt hefir hann þar nökkut frá, hvers hann mun honum unna af Englandi: sjau fóta rúm eða því lengra sem hann er hæri en aðrir menn.“ Þá segir jarl: „Farið nú ok segið Haraldi konungi, at hann búisk til orrostu.“ ... Þá riðu aptr riddarar. Þá mælti Haraldr konungr Sigurðarson við jarl: „Hverr var þessi inn málsnjalli maðr?“ Þá segir jarl: „Þar var Haraldr konungr Guðinason.“<sup>2</sup>

Aðrir kaflar segja frá því að fyrir sólsetur væri her Norðmanna sigraður. Haraldur Sigurðarson féll í orustunni og Tósti jarl einnig.

Við nútímamenn (ef til vill fullsaddir orðnir af klaufalegum eftirhermum atvinnumanna í föðurlandsást) tókum frumstæðum keimi hetjuskapar yfirleitt ekki án tortryggni. Menn fullyrða við mig að þennan keim sé að finna í *Poema del Cid*, ég hef tvímælalaust fundið hann í *Eneasarkviðu* („Sonur, lærðu hugrekki og sanna staðfestu af mér, velgengnina af öðrum“), í engilsaxneska kvæðinu um orustuna við Maldon („Eigi mun þjóð mín greiða yður gjald með öðru en spjótum og sverðum forfeðranna“), í *Rolandskvæði*, hjá Victor Hugo, hjá Whitman og Faulkner („angan lofnarblómsins, yfirsterkari þef af hestum og hugrekki“), í „Grafskrift yfir her málaliða“ eftir Housman, og í „sjau fóta rúm“ í *Heimskringlu*. Að baki því sem virðist einföld sagnfræði liggur slunginn sálfræðilegur leikur. Haraldur Englakonungur lætur sem hann þekki bróður sinn ekki til að hann geri sér ljóst að hann má ekki heldur þekkja hann. Tósti svíkur bróður sinn ekki, en hann svíkur bandamann sinn ekki heldur. Haraldur Englakonungur er reiðubúinn að fyrirgefa bróður sínum, en ekki að þola afskipti Noregskonungs og hegðar sér á mjög skiljanlegan hátt. Ég segi ekkert um hið snjalla tilsvár hans: að gefa þriðjung ríkis alls, að gefa sjö fóta rúm.<sup>3</sup>

2 Snorri Sturluson, *Haralds saga Sigurðarsonar*, *Heimskringla III*, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1979, bls. 186–187. Neðanmálsgrein þýðanda.

3 Carlyle (*Early Kings of Norway*, XI) spillir þessu knappa orðalagi með óheppilegri viðbót. Við sjö fóta rúm bætir hann *for a grave* („undir gróf“). Neðanmálsgrein höfundar.

Aðeins eitt er aðdúnarverðara en þetta aðdúnarverða tilsva engilsaxneska konungsins. Að það skuli vera Íslendingur, maður af þjóð hinna sigruðu, sem gerði það ódauðlegt. Það er eins og Karþagóbúi hefði skráð okkur til minnis hetjudáðir Regúlsar. Ekki að ósekju skrifaði Saxo Grammaticus í *Gesta Danorum*: „Íbúar Thúle (Íslands) hafa yndi og ánægju af að fræðast um og skrá sögu allra þjóða og ekki þykir þeim síður virðing í því að segja frá annarra afreksverkum en sínum eigin.“

Dagurinn þegar Englakonungur mælti fram orð sín er ekki sögulegur dagur, heldur hinn þegar óvinur gerði orð hans ódauðleg. Sá dagur er spádómur um eitthvað sem enn felst í framtíðinni: þá tíma þegar kynþættir og þjóðir eru fallin í gleymsku og mannkynið er eitt. Tilboð konungs á ágæti sitt að rekja til hugmyndarinnar um gildi föðurlandsins. Með því að færa það í letur yfirstígur Snorri og fer ofar þeirri hugmynd.

Ég man eftir öðrum virðingarvotti í garð óvinnar í síðustu köflum *Seven Pillars of Wisdom* eftir Lawrence. Höfundurinn ber lof á hugrekki þýskrar liðsveitar og ritar eftirfarandi: „Þá, í fyrsta sinn í þessari herferð, var ég stoltur af mönnunum sem höfðu myrt bræður mína.“ Að svo búnu bætir hann við: „*They were glorious.*“

*Buenos Aires, 1952*

## Um Jorge Luis Borges

Jorge Luis Borges fæddist í Argentínu árið 1899 og lést í Genf í Sviss árið 1986. Hann átti ættir að rekja til hermanna og menntamanna og hvort tveggja skipar sess í skrifum hans. Föðuramma hans var ensk og á heimilinu var enska og spænska töluð jöfnum höndum. Hann varð snemma vel að sér í bókmenntum, ekki síst bókmenntum enskumælandi þjóða, og talaði oft um bókasafn föður síns sem örslagavald í lífi sínu. Borges steig sín fyrstu skref á sviði ritlistarinnar sem ljóðskáld og ritgerðasmiður en hóf að skrifa smásögur í kringum 1940 og varð smám saman heimsfrægur smásagnahöfundur. Hann lagði stund á engilsaxnesku og síðar forníslensku og hafði mikið dálæti á fornbókmenntum almennt. Hann þýddi *Gylfaginningu* Snorra Sturlusonar í samvinnu við eiginkonu sína Maríu Kodama, skrifaði merka ritgerð um kenningar í dróttkvæðum árið 1936 (*Historia de la eternidad*, Saga eilífðarinnar) og gaf út *Literaturas germánicas medievales* (Germanskar miðaldabókmenntir) árið 1966. *Suðrið*, í þýðingu Guðbergs Bergssonar, og *Blekspegillinn*, í þýðingu Sigfúsar Bjartmarssonar, hafa að geyma úrval af smásögum eftir Borges í íslenskri þýðingu.<sup>4</sup>

---

4 Jorge Luis Borges, *Suðrið*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1975, kom út aftur hjá Máli og menningu 1999; *Blekspegillinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1990.